



Skóla- og frístundasvið

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 9.11.2023 varðandi eftirfarandi mál:

SFS - Umsókn Hjallastefnunnar Grunnskóla ehf. um tímabundið leyfi til kennslu í 6. og 7. í Barnaskóla Hjallastefnunnar og fjölgun nemenda - til afgreiðslu

Lagt fram bréf skóla- og frístundasviðs, dags. 25. október 2023, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki tímabundið leyfi til kennslu í 6. og 7. bekk í Barnaskóla Hjallastefnunnar og fjölgun nemenda, ásamt fylgiskjölum.

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands situr hjá við afgreiðslu málsins.

Helgi Grímsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Helga Björk Laxdal
e.u.



Reykjavík, 25. október 2023

SFS23060039

Ráðhús Reykjavíkur

Borgarráð

Efni: Umsókn Hjallastefnunnar Grunnskóla ehf. um tímabundið leyfi til kennslu í 6. og 7. bekk í Barnaskóla Hjallastefnunnar og fjölgun nemenda

Skóla- og frístundasvið hefur haft til meðferðar umsókn Hjallastefnunnar Grunnskólar ehf., kt.550119-0210, (hér eftir Hjallastefnan/Barnaskóli Hjallastefnunnar), dags. 30. maí 2023 þar sem óskað er eftir breytingum á þjónustusamningi sem gerður var dags. 13. maí 2019 í þá veru að gert sé ráð fyrir greiðslu með 165 nemendum í 1. – 7. bekk með lögheimili í Reykjavík í stað 150. Tekið er fram að samkvæmt viðauka, dags. 1. mars 2023, við framangreindan samning, dags. 13. maí 2023, hefur skólinn tímabundið leyfi til kennslu í 6. og 7. bekk út árið 2023 eða út gildistíma framangreinds samnings, dags. 13. maí 2019.

Vegna gagnöflunar náðist ekki að leggja málið fyrir skóla- og frístundaráð til afgreiðslu. Með vísan til meðfylgjandi gagna er óskað eftir að málið verði afgreitt með eftirfarandi hætti:

Lagt er til að fallist verði á beiðni Hjallastefnunnar Grunnskólar ehf. um að hámarksfjöldi reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna, til Barnaskóla Hjallastefnunnar, verði 165 í 1.- 7. bekk, í stað nú 150 nemenda. Vegna kennslu í 6. og 7. bekk er vísað til tímabundins leyfis, til 31. desember 2023, til kennslu í 6. og 7. bekk samkvæmt viðauka, dags. 1. mars 2023, við þjónustusamning aðila, dags. 13. maí 2019 sbr. jafnframt samþykkt skóla- og frístundaráðs, dags. 16. janúar 2023 og borgarráðs 26. janúar 2023.

Breytingin taki gildi 1. september 2023. Sviðsstjóra verði falið að gera viðauka við samning aðila, dags. 13. maí 2019 og viðauka eftir því sem við á, sem kveður á um framangreint sem gildi til 31. desember 2023, til samræmis við samþykkt borgarráðs, dags. 1. desember 2022 um framlengdan gildistíma samninga við sjálfstætt starfandi grunnskóla. Gerður er fyrirvari um að staðfesting Menntamálastofnunar fái st.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Fskj. 1; Minnisblað, dags. 25. október 2023

Fskj. 2; Umsögn FAS, dags. 21. júní 2023



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Fskj. 3; Bréf Hjallastefnunnar, sem barst með tölvuskeyti þann 30. maí 2023
Fskj. 4; Umsögn skólaráðs, dags. 5. maí 2023



Reykjavík, 25. október 2023

SFS23060039

HG/geb/gs

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Umsókn Hjallastefnunnar Grunnskóla ehf. um tímabundið leyfi til kennslu í 6. og 7. bekk í Barnaskóla Hjallastefnunnar og fjölgun nemenda

I Umsókn Hjallastefnunnar Grunnskólar ehf.

Skóla- og frístundasvið hefur haft til meðferðar umsókn Hjallastefnunnar Grunnskólar ehf., kt. 550119-0210, (hér eftir Hjallastefnan/Barnaskóli Hjallastefnunnar), dags. 30. maí 2023 þar sem óskað er eftir breytingum á þjónustusamningi sem gerður var dags. 13. maí 2019 í þá veru að gert sé ráð fyrir greiðslu með 165 nemendum í 1. – 7. bekk með lögheimili í Reykjavík í stað 150. Tekið er fram að samkvæmt viðauka, dags. 1. mars 2023, við framangreindan samning, dags. 13. maí 2023, hefur skólinn tímabundið leyfi til kennslu í 6. og 7. bekk út árið 2023 eða út gildistíma framangreinds samnings, dags. 13. maí 2019.

Í umsókn kemur fram að reynsla rekstraraðila og skólastjórnenda af skólastarfi á líðandi skólaári sé í þá veru að núverandi kennslurými grunnskólans og skólahúsnæði rúmi vel fjölgun um 20 nemendur til viðbótar við þann fjölda sem tilgreindur er í núgildandi þjónustusamningi. Aðsókn og umsóknir í skólann séu jafnframt tilefni til beiðni um breytingu á þjónustusamningi við Hjallastefnuna Grunnskólar ehf. vegna reksturs grunnskólastarfs í Skógarhlíð 6.

Að mati umsækjenda er ekki gert ráð fyrir að gera þurfi breytingar á húsnæði skólans til að mæta fjölgun nemenda. Kennslurými uppfylli starfsaðstæður nemenda og kennara, auk þess sem önnur sameiginleg rými núverandi húsnæðis skólans mæti vel þeirri fjölgun sem óskað er eftir.

Þá segir einnig í umsókn Hjallastefnunnar að stefnt sé að því að reykvískir nemendur Barnaskólans verði alls 165 skólaárið 2023 – 2024 og skipting þeirra eftirfarandi eftir árgöngum: 6 ára börn verði 33, 7 ára 26, 8 ára 32, 9 ára 19, 10 ára 21, 11 ára 16 og 12 ára 17 eða alls 164 nemendur með lögheimili í Reykjavík. Gert er ráð fyrir að nemendur með lögheimili utan Reykjavíkur verði á bilinu 20 – 25 sem er sambærilegur fjöldi og skólaárið 2022 – 2023. Gert er ráð fyrir að nemendur skv. umbeðinni fjölgun hefji nám við skólann haustið 2023 fyrir skólaárið 2023 – 2024.

Jafnframt kom fram í umsókn að nemendur með lögheimili utan Reykjavíkur sem stunda myndu nám við skólann á næsta skólaári yrðu á milli 20-25, sem væri sambærilegur fjöldi og á núverandi starfsári.

Umsókninni fylgdu teikningar af núverandi húsnæði skólans í Skógarhlíð 6 þar sem merkt var inn á teikningarnar hvaða hluti húsnæðisins væri sérstaklega ætlaður fyrir grunnskólastarfið. Samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdastjóra Hjallastefnunnar eru um 1.000 m².



II Þjónustusamningur Reykjavíkurborgar og Barnaskóla Hjallastefnunnar Grunnskóla ehf.

Skóla- og frístundasvið gerði þann 13. maí 2019 þjónustusamning vegna nemenda í 1. til 4. bekk í Barnaskóla Hjallastefnunnar, Nauthólsvegi 87, Reykjavík, við Hjallastefnuna Grunnskólar ehf., kt. 550119-0210. Samningurinn kveður á um að heimilt sé að greiða framlag vegna allt að 150 reykvískra nemenda. Samningurinn tók gildi 10. júní 2019 og gildir til þriggja ára. Með bréfi Menntamálastofnunar, dags. 7. janúar 2020, staðfesti stofnunin framangreindan þjónustusamning sem og önnur gögn er fylgdu umsókn Reykjavíkurborgar um staðfestingu.

Á fundi borgarráðs þann 6. júní 2019 var samþykkt tillaga sem kvað á um að Hjallastefnunni Grunnskólum verði heimilað að hefja kennslu í 5. bekk við Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík frá og með skólaárinu 2019-2020. Með bréfi Menntamálastofnunar, dags. 28. febrúar 2020, staðfesti Menntamálastofnun framangreindan þjónustusamning og að Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík sé heimilt að hefja kennslu í 5. bekk frá og með skólaárinu 2019-2020. Fram kemur að staðfesting sé veitt með vísan í þjónustusamning, dags. 13. maí 2019, sem og önnur gögn, er fylgdu umsókn Reykjavíkurborgar um staðfestingu. Þá kemur fram að staðfesting þessi komi í stað fyrri staðfestingar, dags. 7. janúar 2020.

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 12. janúar 2021 og í borgarráði þann 28. janúar 2021 var samþykkt tillaga sem kveður á um að Hjallastefnunni Grunnskólum ehf. verði veitt leyfi til kennslu þeirra sextán reykvísku nemenda sem þegar voru í 6. og 7. bekk skólans frá samþykktinni til loka skólaársins 2020 – 2021.

Á fundi skóla- og frístundaráðs 9. nóvember 2021 og í borgarráði þann 18. nóvember 2021 var samþykkt tillaga sem kveður á um að Hjallastefnunni Grunnskólum ehf. yrði veitt leyfi til kennslu í 6. og 7. bekk skólans tímabundið skólaárið 2021 til 2022 og að greitt yrði framlag vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík í 6. og 7. bekk frá upphafi skólaársins þann 23. ágúst 2021 til loka skólaársins sem yrði þann 8. júní 2022. Heimilt var að greiða framlag vegna allt að 153 nemenda með lögheimili í Reykjavík vegna skólaársins 2021 til 2022. Gerður var viðauki vegna framangreinds, dags. 15. desember 2021.

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 27. júní 2022, var samþykkt tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um að gildistími þjónustusamninga skóla- og frístundasviðs við sjálfstætt starfandi grunnskóla í Reykjavík yrði framlengdur til 31. desember 2022. Borgarráð samþykkti erindið þann 7. júlí 2022.

Samkvæmt þjónustusamningi skóla- og frístundasviðs og Hjallastefnunnar Grunnskóla ehf., dags. 13. maí 2019, er heimilt að greiða framlag vegna 150 nemenda að hámarki.

Samkvæmt viðauka við samninginn, dags. 7. nóvember 2022 var inngangsorðum samningsins breytt með þeim hætti að þau yrðu með þeim hætti að samningurinn næði jafnframt til nemenda í 6. og 7. bekk vegna tímabundins leyfis til skólastarfs fyrir þá bekki.

Á fundi borgarráðs þann 1. desember 2022 var lagt fram bréf skóla- og frístundasviðs, dags. 28. nóvember 2022, þar sem óskað var eftir að borgarráð samþykki að fela sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að gera viðauka við samninga Reykjavíkurborgar við sjálfstætt starfandi grunnskóla í Reykjavík sem gilda til 31. desember 2022. Með viðaukanum verði gildistími samninga og þegar gerðra viðauka, eftir því sem við á, framlengdir til 31. desember 2023.

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 16. janúar 2023 og borgarráðs 26. janúar 2023, var samþykkt að Hjallastefnunni Grunnskólum ehf. yrði heimilað skólastarf í nýju húsnæði skólans að Skógarhlíð 6, Reykjavík og að gildistími þjónustusamnings frá 13. maí 2019 vegna 1. til 5.



bekkar, og viðauka skv. honum, dags. 7. nóvember 2022, yrði framlengdur til 31. desember 2023. Einnig var lagt til að Hjallastefnunni Grunnskólum ehf. yrði veitt tímabundið leyfi, til 31. desember 2023, til kennslu í 6. og 7. bekk og að greitt verði framlag vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík til samræmis við framangreindan gildistíma þjónustusamnings til 31. desember 2023. Ekki yrði gerð breyting á þjónustusamningi um 150 nemenda hámarksfjölda sem heimilt er að greiða framlag vegna. Sviðsstjóra var falið að gera viðauka við samning aðila, dags. 13. maí 2019, sem kvað á um framangreint sem gildi til 31. desember 2023 og að heimilt yrði að greiða framlag vegna allt að 150 nemenda með lögheimili í Reykjavík. Gerður var fyrirvari um að skólahúsnæði uppfylli skilyrði 20. gr., sbr. 43. gr. d. laga um grunnskóla nr. 91/2008, sbr. einnig reglugerð nr. 657/2009, um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða, með síðari breytingum og að staðfesting Menntamálastofnunar fáiist. Viðauki vegna framangreinds er, dags. 1. mars 2023, og var tilkynning og beiðni um staðfestingu Menntamálastofnunar send 27. febrúar sl.

III. Aðrar upplýsingar

Í umsókn frá Hjallastefnunni Grunnskólum ehf. kemur fram að sá hluti húsnæðisins að Skógarhlíð 6 sem er sérstaklega ætlaður fyrir grunnskólastarfið séu um 1.000 m². Ef gert er ráð fyrir að fjöldi nemenda í 1. – 7. bekk sem nýti það húsnæði sé 185 eins og fram kemur í umsókn eru það um 5,4 m² á hvert barn sem er umtalsvert undir þeim viðmiðum um 11 – 12m² pr. nemanda sem Reykjavíkurborg styðst við þegar húsnæðisþörf grunnskóla er metin. En þess ber að geta að í húsnæði Barnaskólans að Skógarhlíð 6 er ekki til staðar ýmis aðstaða sem gert er ráð fyrir í borgarreknum grunnskólum, s.s. sérstakar list- og verkgreinastofur, matsalur, bókasafn, o.fl. Að mati starfsmanns fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs hefur starfsfólk skólans unnið markvisst að því að laga skólastarfið að því húsnæði og aðstöðu sem er ætlað fyrir grunnskólastarfið t.d. með því að skipta nemendum upp í minni hópa, samnýtingu húsnæðis, skipuleggja vel nýtingu á sameiginlegu útisvæði o.fl.

Öll tilskilin leyfi til reksturs grunnskóla í húsnæðinu að Skógarhlíð 6 eru til staðar. Afgreiðsla byggingafulltrúa Reykjavíkur, dags. 3. október 2023 liggur fyrir en þar kemur fram að sótt hafi verið um leyfi og samþykkt að auka fjölda barna í bráðbirgðahúsnæði á lóð nr. 6 við Skógarhlíð. Fjöldgun 1 til 5 ára frá 152 til 171 og 6 til 12 ára frá 174 til 190. Tímabundið starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur sem gildir fyrir tímabilið 16. júní 2023 til 1. ágúst 2024 liggur fyrir. Jafnframt staðfesting Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins um að ekki sé gerð athugasemd.

Greitt var framlag til Barnaskólans vegna 140 nemenda í 1. til 7. bekk með lögheimili í Reykjavík í maí 2023 .

Umsögn skólaráðs Barnaskóla Hjallastefnunnar, dags. 15. júní 2023, liggur fyrir.

IV. Helstu ákvæði grunnskólalaga og reglugerða settum samkvæmt þeim

Í 1. málslíð 1. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2009 kemur fram að lögin taka til grunnskóla á vegum sveitarfélaga, til sjálfstætt rekinna grunnskóla og til viðurkennds náms á grunnskólastigi.

Í 3. mgr. 20. gr. laga um grunnskóla kemur fram að grunnskólahúsnæði og skólalóðir skuli uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í lögum þessum, lögum um vinnuvernd og aðalnámskrá grunnskóla. Húsnæði og allur aðbúnaður skal taka mið af því að tryggja öryggi og vellíðan 3 nemenda og starfsfólks, svo sem hvað varðar hentugan húsbúnað, hljóðvist, lýsingu og loftræstingu.

Með stoð í framangreindri 20. gr. laga um grunnskóla hefur verið sett reglugerð nr. 657/2009 um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða, með síðari breytingum. Þar er í 3. gr. er kveðið á um að húsnæði og skólalóðir skuli uppfylla kröfur laga nr. 91/2008 um grunnskóla,



reglugerðar þessarar, aðalnámskrár grunnskóla og laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Einnig beri að uppfylla kröfur heilbrigðis- og byggingaryfirvalda til slíkra mannvirkja. Húsnæði, skólalóð og allur aðbúnaður þarf að vera þannig úr garði gerður að unnt sé að ná markmiðum laga um grunnskóla og aðalnámskrá grunnskóla. Er þar sérstaklega átt við að nemendum og starfsfólki skóla sé tryggt öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem skapar öryggi og vellíðan þeirra svo sem varðandi hentugan húsbúnað, hljóðvist og lýsingu, fjölbreytni í náms- og leikaðstöðu og annan búnað.

Skv. 1. mgr. 43. gr. a. laga um grunnskóla nr. 91/2008, með síðari breytingum, skal sveitarfélag sem skóli starfar í gera þjónustusamning um rekstur skólans við rekstraraðila. Samningur felur í sér samþykki sveitarfélags fyrir stofnun skólans, staðfestingu á rétti til fjárframlaga skv. 43. gr. b og skuldbindingu sveitarfélags um að hafa eftirlit með starfi hans.

Skv. 3. mgr. 43. gr. a getur sveitarfélag hafnað því að gera þjónustusamning eða takmarkað hann við tiltekinn nemendafjölda, t.d. ef fjárframlög til skólanna kunna að hafa neikvæð áhrif á skólastarf sveitarfélagsins sjálfs og fjárveitingar til þess. Skv. 2. mgr. 43. gr. a. skal Menntamálastofnun staðfesta þjónustusamningin, sbr. einnig 4.- 6. gr. reglugerðar nr. 1150/2018, um sjálfstætt rekna grunnskóla.

Skv. 43. gr. b. laga um grunnskóla nr. 91/2008 með síðari breytingum á sjálfstætt rekinn grunnskóli sem gert hefur þjónustusamning rétt á framlagi úr sveitarsjóði til starfsemi sinnar vegna nemenda sem hafa lögheimili í því sveitarfélagi sem skólinn starfar í. Skal framlagið nema að lágmarki 75% af vagnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendur, en framlagið skal vera að lágmarki 70% fyrir hvern nemanda umfram þann fjölda.

Þá kemur fram í 1. tölulið 1. mgr. 43. gr. d laga um grunnskóla að um rekstur og skólalönd sjálfstætt rekens grunnskóla gildi að starfsemi grunnskólans, þ.m.t. skipulag og kennsluhættir, skuli vera í fullu samræmi við ákvæði laga þessara, reglna sem settar eru á grundvelli þeirra og í samræmi við aðalnámskrá, nema undantekning sé gerð með lögum eða á grundvelli heimildar í lögum. Í h. lið 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 1150/2018 um sjálfstætt rekna grunnskóla kemur fram að staðfest afrit af starfsleyfi heilbrigðiseftirlits sveitarfélags og vottorð bruna- og eldvarnareftirlits á vegum sveitarfélaga og vinnueftirlits þurfi að berast Menntamálastofnun mánuði fyrir áætlaða skólabyrjun.

Í 4. mgr. 6. gr. reglugerðar um sjálfstætt rekna grunnskóla nr. 1150/2018, um sjálfstætt rekna grunnskóla kemur fram að verði skólanum fundið annað húsnæði eða árgöngum fjölgað skul rekstraraðili fyrst leita afstöðu viðkomandi sveitarfélags gagnvart slíkum breytingum sem leitar staðfestingar Menntamálastofnunar.

Þá kemur fram í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar um sjálfstætt rekna grunnskóla að sveitarfélög sinni mati og eftirliti með gæðum skólastarfs í sjálfstætt reknum grunnskólum samkvæmt lögum um grunnskóla og hlíta þeir skólar sama eftirliti og grunnskólar sem reknir eru af sveitarfélagi.

V. Upplýsingar um fjárhagsleg áhrif

Tillaga skóla- og frístundasviðs (SFS) felur í sér 15 nemenda fjölgun á hámarksfjölda nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna að hámarki sbr. lið VI hér að neðan.

Áætlaður árlegur meðalrekstrarkostnaður á hvern nemanda í grunnskóla miðað við upplýsingar frá Hagstofu Íslands fyrir júní 2023 er 2.508.823. Skv. lögum nr. um sjálfstætt starfandi grunnskóla ber sveitarfélögum að greiða 75% af þeirri upphæð eða kr. 1.881.617 fyrir hvern nemanda miðað við meðalrekstrarkostnað á hvern nemandi í grunnskóla skv.



upplýsingum frá Hagstofu Íslands í júní 2023. Áætlaður kostnaðarauki fyrir borgarsjóð er því um kr. 12.626.642 fyrir ágúst – desember 2023 og 28.224.259 fyrir árið 2024.

Ekki er gert ráð fyrir þessum kostnaði í fjárhagshagsáætlun 2023 og því þarf að óska eftir viðauka við fjárhagsáætlun ef tillagan verður samþykkt.

Umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 21. júní 2023, liggur fyrir.

VI. Umsögn skóla- og frístundasviðs

Lagt er til að fallist verði á beiðni Hjallastefnunnar Grunnskólum ehf. um að hámarksfjöldi reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna, til Barnaskóla Hjallastefnunnar, verði 165 í 1.- 7. bekk, í stað nú 150 nemenda. Vegna kennslu í 6. og 7. bekk er vísað til tímabundins leyfis, til 31. desember 2023, til kennslu í 6. og 7. bekk samkvæmt viðauka, dags. 1. mars 2023, við þjónustusamning aðila, dags. 13. maí 2019 sbr. jafnframt samþykkt skóla- og frístundaráðs, dags. 16. janúar 2023 og borgarráðs 26. janúar 2023.

Breytingin taki gildi 1. september 2023. Sviðsstjóra verði falið að gera viðauka við samning aðila, dags. 13. maí 2019 og síðari viðauka, sem kveður á um framangreint sem gildi til 31. desember 2023 til samræmis við tillögu sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs hvað varðar framlengingu samninga við sjálfstætt starfandi grunnskóla í Reykjavík. Gerður er fyrirvari um að staðfesting Menntamálastofnunar fái st.

Ekki er gert ráð fyrir þessum kostnaði í fjárhagshagsáætlun 2023 og því þarf að óska eftir viðauka við fjárhagsáætlun ef tillagan verður samþykkt.



Umsögn

Viðtakandi: Sviðstjóri skóla- og frístundasviðs
Sendandi: Sviðstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Umsókn Hjallastefnunnar Grunnskóla ehf. um tímabundið leyfi til kennslu í 6. og 7. bekk í Barnaskóla Hjallastefnunnar og fjölgun nemenda

Óskað hefur verið eftir að fjármála- og áhættustýringarsvið taki til umsagnar tillögu sviðstjóra skóla- og frístundasviðs um umsókn Hjallastefnunnar Grunnskóla ehf. um tímabundið leyfi til kennslu í 6. og 7. bekk í Barnaskóla Hjallastefnunnar og fjölgun nemenda.

Í fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs eru fjárheimildir til þess að greiða með 150 börnum í Barnaskóla Hjallastefnunnar. Verði samþykkt heimild til fjölgunar barna í Barnaskóla Hjallastefnunnar, þarf að gera ráð fyrir viðbótarútgjöldum sem þarf að fjármagna sérstaklega.

Kostnaðarmat

Í kostnaðarmati skóla- og frístundasviðs með tillögunni kemur fram að áætlaður meðalrekstrarkostnaður á hvern nemanda í grunnskóla miðað við upplýsingar frá Hagstofu Íslands fyrir júní 2023 er 2.5089 þ.kr. Skv. lögum um sjálfstætt starfandi grunnskóla ber sveitarfélögum að greiða 75% af þeirri upphæð eða um 1.882 þ.kr. Árlegur heildarkostnaður fyrir 15 nemendur eru því 12.627 þ.kr. fyrir árið 2023, eða frá ágúst – desember, og 28.224 þ.kr. fyrir árið 2024. Bent er á það að hér er eingöngu verið að tala um brúttó kostnað við fjölgun nemenda, en ekki er tekið tillit til hver kostnaður á hvern nemenda er sé viðkomandi nemandi við almennan grunnskóla í Reykjavík.

Umsögn

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur rýnt kostnaðarmat skóla- og frístundasviðs og gerir ekki athugasemdir við það. Vöntun í ramma á ársgrundvelli væri því kr. 28.224 þ.kr. og vegna ársins 2023 12.627 þ.kr.

Halldóra Káradóttir

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.



Hjallastefnan

Umsögn frá skólaráði BSK Re

Eftir fund skólaráðs fimmtudaginn 15. Júní 2023 sasmþykkit skólaráð Barnaskóla Hjallastefnunar í Reykjavík eftirfarandi:

Skólaráð Barnaskólans samþykkir fjölgun nemenda í skólanum ásamt því að samþykkja að skólinn starfræki 6. og 7. bekk í núverandi húsnæði.

+354 555 7020
hjallastefnan@hjalli.is
hjalli.is

Bestu kveðjur,
Reykjavík 15.06.2023

Magnea Snorradóttir
Silja Steinarsdóttir
Unnur María Guðmundsdóttir
Þórdís Heiða Kristjánsdóttir



Hjallastefnan

Umsögn frá skólaráði BSK Re

Eftir fund skólaráðs fimmtudaginn 15. Júní 2023 sasmþykkit skólaráð Barnaskóla Hjallastefnunar í Reykjavík eftirfarandi:

Skólaráð Barnaskólans samþykkir fjölgun nemenda í skólanum ásamt því að samþykkja að skólinn starfræki 6. og 7. bekk í núverandi húsnæði.

+354 555 7020
hjallastefnan@hjalli.is
hjalli.is

Bestu kveðjur,
Reykjavík 15.06.2023

Magnea Snorradóttir
Silja Steinarsdóttir
Unnur María Guðmundsdóttir
Þórdís Heiða Kristjánsdóttir